

Skipulagsstofnun
b.t. Jakobs Gunnarssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. júlí 2022
UST202207-056/A.Þ.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsskyldufyrirspurn - breyting á eldisfyrirkomulagi - Fiskeldi Austfjarða hf. - Fáskrúðsfjörður

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 5. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Starfsemin og breyting á henni er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Framkvæmdarlýsing

Fiskeldi Austfjarða hf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) stundar laxeldi í sjókvíum í Fáskrúðsfirði og hefur heimild fyrir 11.000 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma á þremur svæðum í firðinum. Nú áformar rekstraraðili að stækka öll þrjú eldissvæðin auk þess sem til stendur að gera breytingar á útsetningaráætlun í firðinum og stytta hvíldartíma. Breytingarnar eru lagðar til svo eldissvæðin rúmi betur festingar og búnað einstakra eldisstöðva. Ekki stendur til að auka umfang eldisins.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Að mati Umhverfisstofnunar eru helstu umhverfisáhrif starfseminnar uppsöfnun lífrænna efna undir sjávarbotni undir og við kvíarnar.

Í núgildandi starfsleyfi er tilgreindur hvíldartími milli eldislota 9-12 mánuðir. Rekstraraðili áformar að stytta hvíldartíma eldissvæða í starfsleyfi í 90 daga í samræmi við 46. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi.

Umhverfisstofnun telur að þær breytingar sem eru fyrirhugaðar séu ekki líklegar til að hafa neikvæð áhrif á þá matsþætti sem stofnunin tekur afstöðu til. Stofnunin gefur út starfsleyfi fyrir starfseminni og hefur eftirlit með henni, m.t.t. áhrifa hennar á umhverfið.

Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfi mun verða ákvæði þess efnis að stofnunin geti einhliða frestað útsetningu seiða, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði að mati stofnunarinnar. Mikilvægt er að rekstraraðili útbúi áætlanir um hvað gert verði við seiðin ef mælingar sýna að nauðsynlegt er að fresta útsetningu.

Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og bendir á að það vatnshlot sem framleiðslan fer fram í hefur vatnshlotanúmerið 102-1376-C og nefnist *Fáskrúðsfjörður*. Vatnshlotið hefur skráð staðbundið álag vegna skólpráveitu og vegna fiskeldisins. Umhverfisstofnun bendir á að skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun

vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun skulu vatnshlot vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu ástandi. Ef vatnshlot samræmast ekki umhverfismarkmiðum þá skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. lögum um stjórn vatnamála. Í vöktunaráætlun rekstraraðila þarf að gera ráð fyrir því að þeir gæðapættir sem unnið er með til að meta vistfræðilegt ástand séu vaktaðir. Sjá má yfirlit yfir þá gæðapætti í vatnaáætlun Íslands sem kom út í apríl sl.

Æðarvarp

Umhverfisstofnun bendir á að í námunda við eldissvæðið að Eyri er friðlýst æðarvarp. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að stækkun svæðanna nær landi hafi ekki neikvæð áhrif á æðarvarpið.

Niðurstaða

Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi og sé byggð á bestu aðgengilegu tækni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér aukin umhverfisáhrif umfram það sem lýst var í upphaflegu umhverfismati og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri